

Alþingi
Erindi nr. P 132/1859
komudagur 25.4.2006



Egilsstaðir 25. apríl 2006

Selma Hafliðadóttir
lögfræðingur
skrifstofu Alþingis / nefndasviði
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

EFNI: Umsögn um frumvarp um frjálsa för launafólks

Óskað hefur verið umsagnar AFLs – Starfsgreinafélags Austurlands á frumvarpi Félagsmálaráðherra um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum EB.

Fjallað hefur verið mál þetta margt á fundum AFLs, m.a. ársfundi trúnaðarmanna, aðalfundi trúnaðarráðs, stjórnarfundum og ótal vinnustaðafundum. Skoðun félagsmanna AFLs er sú að fresta beri gildistöku um frjálsa för smbr. frumvarp þetta, í 3 ár að minnsta kosti.

Ástæðurnar eru skýrar; í þeim mikla uppgangi sem verið hefur í atvinnulífi hér eystra hefur launafólki af erlendu bergi fjölgað mikið og talsvert hefur borið á því að brotið sé á fólki og kjör þess séu langt undir viðurkenndum kjörum hér. Einnig hafa félagsmenn okkar skýrt frá nokkrum dæmum þess að við minnkandi verkefnastöðu fyrirtækja, byrji uppsagnir á íslensku starfsmönnum. Þessi mál brenna því af miklum þunga á okkar félagsmönnum og teljum við að löggjöf og reglugerðir séu alls ekki tilbúnar til að glíma við óheft frelsi fólks frá þessum löndum.

Án þess að gefa einhverja fræðilega umsögn um frumvarpið hvetjum við því þingmenn og stjórnvöld til að stíga varlega til jarðar í þessu máli og fresta gildistöku um frjálst flæði launafólks frá þessum nýju aðildarríkjum EB. Við bendum á að frestun gildistökunnar mun ekki hafa áhrif á möguleika ábyrgra fyrirtækja til að sækja sér starfsfólk erlendis frá – en mun vonandi hefta aðgang vafasamari fyrirtækja sem spretta upp um allt, að launafólki til að stunda félagsleg undirboð og grafa þannig undan velferðarkerfi okkar. Við minnum á að félagslegt öryggi okkar allra er árangur áratuga baráttu og í því felst sáttmáli verkalýðshreyfingarinnar, stjórnvalda og vinnuveitenda.

Kær kveðja

Sverrir Albertsson
Frankvæmdastjóri AFLs



Ársfundur trúnaðarmanna 2006

Frjáls flæði launafólks frá nýjum aðildarríkjum EB

Ársfundur trúnaðarmanna AFLs – Starfsgreinafélags Austurlands skorar á stjórnvöld að fresta gildistöku reglna um frjálst flæði launafólks frá nýjum aðildarríkjum EB um allt að 3 ár. Fundurinn bendir á að reynslan hefur sýnt að íslensk löggjöf er ekki tilbúin til að taka á málum sem upp hafa komið og í ljósi mikillar þenslu er hætt við að aukið, eftirlitslaust, flæði launafólks frá láglaunasvæðum Austur Evrópu, myndi grafa undan grundvallaratriðum velferðarkerfisins.